

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa.....	2
Dagskrá aðalfundar skv. 8. grein laga FNS.....	2
Stjórn FNS s.l. starfsár.....	2
Stjórnarfundir	3
Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári voru:.....	3
1. Dagur náms- og starfsráðgjafar.....	4
2. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa.....	5
3. Sí- og endurmenntun félagsmanna	5
3.1. Leonardo mannaskiptaáætlun.....	5
4. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar.....	6
4.1. Uppskeruhátið í náms- og starfsráðgjöf.....	6
4.2. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	6
4.3. Námsstefna á Degi náms- og starfsráðgjafar.....	6
4.4. Jólafundur.....	6
4.5. Marel.....	6
4.6. Fundur um endurskoðun náms í náms- og starfsráðgjöf.....	6
4.7. Hópefli á Hótel Hamri	7
4.8. Rannsóknir í náms- og starfsráðgjöf.....	7
4.9. Aðrir fundir	7
4.10. Vefsíða FNS	7
5. Siðareglur FNS.....	7
6. Kjara- og hagsmunamál.....	7
6.1. Félag grunnskóla	7
6.2. Félag framhaldsskóla	7
6.3. Skólamálanefnd FF.....	8
6.4. Útgarður, félag háskólamanna.....	9
6.5. Könnun meðal náms- og starfsráðgjafa um menntun og kjör	9
7. Félagatal og félagsaðild FNS.....	9
8. Fjárreiður og félagsgjöld FNS.....	10
9. Styrkir til FNS.....	10
10. Norrænt samstarf.....	10
11. Nefnd um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.....	11
12. Umsagnir um námsefni.....	12
13. Beiðnir Alþingis um umsagnir um frumvörp til laga	12
14. FNS - norðan heiða.....	12
15. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar	12
15.1. Academia verkefni.....	12
15.2. Heimsóknir evrópskra náms- og starfsráðgjafa	13
16. Önnur verkefni	13
16.1. Fundur um málefni náms- og starfsráðgjafar í menntamálaráðuneytinu.....	13
16.2. Fundur með náms- og starfsráðgjöfum framhaldsskóla	13
16.3. Fundur samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara, formanna fagfélaga, skólamálanefndar FF og fulltrúa Félags stjórnenda í framhaldsskólum.....	13
16.4. Námskeið í efni bókarinnar <i>Verndum þau</i>	13
16.5. Umsókn um Leonardo verkefni.....	14
16.6. Viðtal við náms- og starfsráðgjafa í þættinum Samfélagið í nærmynd	14
16.7. Viðtal við dr. Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur og Jónínu Kárdal.....	14
16.8. Viðtal við Ásdísi Birgisdóttur, náms- og starfsráðgjafa í Landpóstinum.....	14
16.9. <i>Jafnréttis- og kynjasjónarmið í náms- og starfsráðgjöf: Grein birt í Morgunblaðinu 3. júní, 2007 eftir Ágústu E. Ingbórsdóttur og Ragnheiði Bóasdóttur.....</i>	14
16.10. Greinar í Morgunblaðinu í tengslum við Dag náms- og starfsráðgjafar 20. október 2007. ..	14
Lokaorð.....	15

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 30. apríl 2008

Dagskrá aðalfundar er skv. 8. grein laga FNS eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
4. Lagabreytingar.
5. Nefndastörf.
6. Umræður og afgreiðsla mála.
7. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar.
8. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
9. Önnur mál.

Aðalfundur FNS var haldinn í Tæknigarði við Dunhaga 26. apríl 2007. Á fundinum gaf formaður félagsins Ágústa Elín Ingbórsdóttir kost á sér til endurkjörs auk þriggja stjórnarmanna.

Ágústa E. Ingbórsdóttir, Borgarholtsskóla, var kjörin formaður FNS. Guðrún Kristinsdóttir, Ketill G. Jósefsson og Guðrún Þ. Björnsdóttir gáfu kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Eydís Katla Guðmundsdóttir var kjörin í stað Berglindar Helgu Sigurþórsdóttur, Verslunarskóla Íslands.

Stjórn FNS var þannig skipuð s.l. starfsár:

Ágústa Elín Ingbórsdóttir, Borgarholtsskóla, formaður
Guðrún Kristinsdóttir, Ölduselsskóla, varaformaður,
Ketill G. Jósefsson, Vinnumálastofnun á Suðurnesjum, meðstjórnandi,
Guðrún Þ. Björnsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík, ritari,
Eydís Katla Guðmundsdóttir, Vallaskóla, gjaldkeri.

Ólafur Haraldsson, Fjölbrautaskóla Vesturlands og Gígja Árnadóttir, Kennaraháskóla Íslands voru kjörin í varastjórn í stað Agnesar Óskar Snorradóttur, Fjölbrautaskóla Suðurlands og Heimis Haraldssonar, Háskóla Íslands.

Ingibjörg Bragadóttir, Smáraskóla, Guðrún Björg Karlsdóttir, Laugalækjarskóla og Ásdís Birgisdóttir, Verkmenntaskólanum á Akureyri gáfu kost á sér áfram til setu í fræðslunefnd. Steinunn H. Jónsdóttir, Brekkuskóla og Elín Rut Ólafsdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurnesja gáfu auk þess kost á sér í fræðslunefnd.

Endurskoðandi var kosinn Kristinn Freyr Kristinsson og til vara Björg Birgisdóttir og Guðmundur Páll Ásgeirsson.

Úr stjórn gekk Berglind Helga Sigurþórsdóttir. Úr fræðslunefnd gekk Valgeir B. Magnússon, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Inga Jóna Þórsdóttir, Iðnskólanum í Hafnarfirði. Eru þeim færðar hugheilar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna öflugt og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar. Framlag þeirra og reynsla hefur svo sannarlega haft áhrif innan félagsins.

Arnar Þorsteinsson, Ölduselsskóla, Helga Eysteinsdóttir, Hringsjá og Toby S. Herman, Menntaskólanum í Reykjavík gáfu kost á sér áfram til setu í síðanefnd.

Sigríður Bílddal, Holtaskóla, Arnar Þorsteinsson, Ölduselsskóla, Ragnheiður Bóasdóttir, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Björg Kristjánsdóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Anna Sigurðardóttir, Kennaraháskóla Íslands, Eyrún B. Valsdóttir, Alþýðusambandi Íslands, Guðrún

Stella Gissurardóttir, Vinnumálastofnun á Vestfjörðum og Ketill G. Jósefsson, Vinnumálastofnun á Suðurnesjum gáfu kost á sér í kjaranefnd félagsins.

Guðrún Þorbjörg Björnsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík, Fríður Reynisdóttir, Borgaskóla, Kristjana Katrín Þórgrímsdóttir, Hjallaskóla, Ólafur Haraldsson, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Elísabet Vala Guðmundsdóttir, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Herdís Zophoníasdóttir, Menntaskólanum á Akureyri, Jónína Kárdal, Háskóla Íslands, Erla Hrönn Vilhjálmisdóttir, Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Gígja Árnadóttir, Kennaraháskóla Íslands, Ketill G. Jósefsson, Vinnumálastofnun á Suðurnesjum, Ásta Kr. Ragnarsdóttir, Nema ehf. og Klara Öfjörð Sigfúsdóttir, Vinnumálastofnun Suðurlands gáfu kost á sér í fagráð fyrir skólastigin þrjú og atvinnulífið.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt: Guðrún Kristinsdóttir, varaformaður, Ketill G. Jósefsson, meðstjórnandi, Eydís Katla Guðmundsdóttir, gjaldkeri og Guðrún Þ. Björnsdóttir, ritari. Ólafur Haraldsson í varastjórn tók að sér að halda utan um félagatal FNS í samstarfi við gjaldkera. Stjórnin hélt 9 stjórnarfundum á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar og fræðslunefndar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi verkefni. Fræðslunefnd og varastjórn voru boðuð á alla stjórnarfundum. Stjórn, varastjórn og fræðslunefnd var virk í því að nota rafræna miðla til að koma upplýsingum sín á milli.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári voru:

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar
2. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa
3. Sí- og endurmenntun félagsmanna
4. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
5. Siðareglur fyrir náms- og starfsráðgjafa (starfshópur)
6. Kjara- og hagsmunamál
7. Félagatal og félagsaðild FNS
8. Fjárreiður og félagsgjöld FNS
9. Styrkir til FNS
10. Norrænt samstarf
11. Nefnd um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum
12. Umsagnir um námsefni
13. Beiðnir Alþings um umsagnir um frumvörp til laga
14. FNS - norðan heiða
15. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar
16. Önnur verkefni

Félagsmenn FNS hafa tekið þátt í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins. Ljóst er að það skiptir afar miklu máli að FNS eigi fulltrúa í neðangreindum nefndum. Með því er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrir og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Eftirfarandi félagsmönnum eru færðar þakkir fyrir þeirra störf:

1. Björg Kristjánsdóttir, MH, í skólamálanefnd FF.
2. Ragnheiður Bóasdóttir, FÁ, í kjaranefnd FF.
3. Toby S. Herman, MR, í sjúkrasjóði KÍ.
4. Ágústa E. Ingbórsdóttir, formaður FNS, fulltrúi FNS í nefnd Landlæknisembættisins um varnir gegn sjálfsvígum.
5. Þórdís Guðmundsdóttir, FÁ, fulltrúi FNS í starfshópi um Europass (stöðluð menntunar- og starfshæfnimappa). Europass er rekið af Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands.

6. Ágústa E. Ingbórsdóttir, formaður FNS, í starfshópi Euroguidance (Evrópu-miðstöð náms- og starfsráðgjafar). Euroguidance er rekið af Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands.
7. Guðrún Þ. Björnsdóttir, MR, í samstarfshópi um heilsueflingu og forvarnir í framhaldsskólum á vegum Lýðheilsustöðvar.
8. Fulltrúar FNS í Norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa: Anna Sigurðardóttir, Kennaraháskóla Íslands og Gunnlaug Hartmannsdóttir, Náms-flokkum Reykjavíkur. Skýrsla Önnu og Gunnlaugar um norrænt samstarf er hluti ársskýrslu FNS.

Hér fylgir umfjöllun um meginviðfangsefni stjórnar FNS og þess sem hæst bar á liðnu starfsári.

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar

Í tilefni af Degi náms- og starfsráðgjafar þann 20. október hélt FNS námsstefnu undir heitinu „*Breytingarmáttur náms- og starfsráðgjafar*“. Tilgangur þessa dags var að vekja athygli landsmanna á þeirri þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar veita og kynna strauma og stefnur í þessari fræðigreini.

Námsstefnan var haldin í Reykjanesbæ og gestafyrirlesari var Carol A. Dahir, Ed.D frá New York Institute of Technology. Carol var einnig gestafyrirlesari í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Carol A. Dahir er lektor við New York Institute of Technology og leiðir jafnframt námsráðgjafarnám við stofnunina. Hún hefur starfað sem kennari og námsráðgjafi á grunnskólastigi ásamt því að stýra námsráðgjafaráætlunum (school counseling programs) og nemendabjónustu. Carol hefur víðtæka reynslu sem ráðgjafi í menntamálum fyrir ýmis fylki í Bandaríkjunum, námsráðgjafasamtök og landssamtök. Rannsóknir Carol og greinaskrif hafa beinst að áreiðanleika (accountability) og þróun í starfi náms- og starfsráðgjafa og tengist það því starfi sem hún hefur leitt fyrir American School Counselor Association við gerð og þróun staðla í náms- og starfsráðgjöf ásamt símenntunaráætlun (Planning for Life). Carol er fyrrverandi formaður námsráðgjafasamtaka New York fylkis og hefur einnig setið í stjórn American School Counselor Association. Hún gegnir nú stöðu fulltrúa Norður-Atlantshafs deildar National Career Development Association.

Mikill fengur var að fá Carol A. Dahir í heimsókn þar sem sérsvið hennar lýtur að því að sýna og mæla árangur náms- og starfsráðgjafar og þá sérstaklega í menntakerfinu. Þetta er mikilvægt í ljósi þeirrar uppbyggingar sem hefur átt sér stað síðastliðin 15 ár í náms- og starfsráðgjöf innan íslenska skólakerfisins og styður við þá auknu áherslu sem hefur verið lögð á náms- og starfsráðgjöf á Íslandi, nú síðast í stefnu ríkisstjórnar Íslands.

FNS ásamt meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands stóð að komu Carol A. Dahir til landsins.

Veitt var sérstök viðurkenning fyrir störf í þágu náms- og starfsráðgjafar. Áður var óskað eftir skriflegum tilnefningum frá félagsmönnum. Sigrúnu Ágústsdóttur, Réttarholtsskóla og Björgu Birgisdóttur, Listaháskóla Íslands voru veittar viðurkenningar fyrir störf í þágu náms- og starfsráðgjafar.

Stjórn FNS ásamt fræðslunefnd vann að undirbúningi þessa dags. Náms- og starfsráðgjafar merkja sívaxandi þörf innan menntakerfisins og í atvinnulífinu fyrir náms- og starfsráðgjöf, þjónustu sem ætti að vera sjálfsgöð og aðgengileg öllum í nútímaþjóðfélagi. Tryggja þarf aðgang allra að náms- og starfsráðgjöf, frá skóla til atvinnulífs, frá bernsku til fullorðinsára. Það er von stjórnar FNS að Dagur náms- og starfsráðgjafar hafi orðið til þess að stuðla að þeirri vitundarvakningu.

2. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa

Stjórn FNS hefur sem fyrr beitt sér fyrir lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa. Fulltrúar stjórnar FNS áttu fundi með menntamálaráðherra, fulltrúum menntamála ráðuneytisins, menntamálanefnd Alþingis og starfsfólki KÍ vegna lögverndunar á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa. Á þessum fundum ítrekaði stjórn FNS þau rök sem mæla með lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa. Engin skýr svör liggja fyrir um næstu skref. Því skiptir áfram mjög miklu máli að fylgja kröfunni eftir.

3. Sí- og endurmenntun félagsmanna

Ýmis tækifæri hafa boðist FNS auk fræðslufunda til að auka sí- og endurmenntunartækifæri félagsmanna. Samkvæmt lögum FNS er eitt af hlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Það er mikilvægt fyrir hvern og einn félagsmann að vera vakandi fyrir sí- og endurmenntunarþörf sinni, miðla þekkingu og færni og stuðla þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan fagstéttarinnar. Leonardo mannaskiptaáætlun er dæmi um sí- og endurmenntun sem hefur verið og mun verða í boði fyrir félagsmenn:

3.1. Leonardo mannaskiptaáætlun

Félag náms- og starfsráðgjafa hlaut styrk úr Mannaskiptaáætlun Leonardo da Vinci fyrir árin 2005-2007 til að senda 14 náms- og starfsráðgjafa til Evrópu. Markmiðið og tilgangurinn með slíkri umsókn var að bjóða félagsmönnum FNS tækifæri til að hitta evrópska náms- og starfsráðgjafa, fræðast um starfsvettvang þeirra, kynnast nýjungum og miðla af sameiginlegri reynslu í ráðgjöf. Mannaskiptaverkefnið veitti FNS tækifæri til að uppfylla eitt af markmiðum sínum sem er að veita félagsmönnum sínum tækifæri til sí- og endurmenntunar. Einnig gafst tækifæri til að bera saman íslenska náms- og starfsráðgjafarþjónustu við hina evrópsku, ræða sameiginlega þætti, ásamt því að kynnast því sem er sértækt í náms- og starfsráðgjöf í hverju landi fyrir sig.

Samstarfsaðilar í Evrópu voru fimm:

- Spánn - Centro del Profesorado
- Bretland - The Information, Advice and Guidance Partnership for Cambridgeshire and Peterborough
- Þýskaland - Arbeitsagentur Deutschland, Europaservice, Hamburg
- Noregur - Euroguidance
- Slóvenía - NCIPS Euroguidance

Mannaskiptaverkefnið tókst mjög vel. Samstarf var mjög gott og góð kynni tókust með samstarfsaðilunum fimm. Þátttakendur komu heim reynslunni ríkari. Verkefninu lauk 31. maí 2007 og umsjón hafði Jónína Kárdal.

Í ljósi þess hversu vel mannaskiptaverkefnið tókst ákvað stjórn FNS að sækja aftur um fyrir árið 2007-2009. Verkefnið heitir LIVE - Life skills and Innovation in Vocational and Educational Counseling og samstarfsaðilar þrír, frá Svíþjóð, Austurríki og Bretlandi. Umsóknin hlaut góðar viðtökur og fékkst styrkur fyrir átta náms- og starfsráðgjafa til mannaskipta. Megináhersla þessa verkefnis er hreyfanleiki í starfi, færni og hæfni í starfi ásamt starfsferilsstjórnun. Það er mikilvægt að íslenskir náms- og starfsráðgjafar komi á framfæri því sem er að gerast á Íslandi og taki þátt í evrópskri umræðu um náms- og starfsráðgjöf. Umsjón með mannaskiptaverkefninu hefur Ketill Jósefsson, Eydís Katla Guðmundsdóttir og Jónína Kárdal.

4. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar

4.1. Uppskeruhátíð í náms- og starfsráðgjöf

Í júní 2007 tók FNS þátt í uppskeruhátíð þar sem nemendur í meistaranámi kynntu lokaverkefni sín í náms- og starfsráðgjöf.

4.2. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri

Fyrsti fræðslufundur vetrarins var í boði Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Fimmtudaginn 20. september kl. 14:00 lagði föngulegur hópur náms- og starfsráðgjafa leið sína í Borgarfjörðinn. Ferðin hófst við Húsasmiðjuna í Grafarholti en þangað sótti okkur rúta á vegum Hvanneyringa. Ágúst Sigurðsson, rektor, Áskell Þórisson, útgáfu- og kynningarstjóri og Björn Þorsteinsson, aðstoðarrektor kennslumála og prófessor við skólann tóku á móti hópnum. Þeir kynntu námið og uppbyggingu og rekstur staðarins. Einnig sögðu tveir nemendur skólans frá eigin náms- og starfsferli. Síðan var gengið um húsakynni skólans og að lokum boðið upp á kvöldverð.

4.3. Námsstefna á Degi náms- og starfsráðgjafar

Á Degi náms- og starfsráðgjafar 20. október var haldin fjölmenn námsstefna á Flughótelinu í Reykjanesbæ. Yfirskrift námsstefnunnar var „Breytingarmáttur náms- og starfsráðgjafar“. Ágústa, formaður setti námsstefnuna og síðan tók Elín Rut Ólafsdóttir við fundarstjórn. Forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, Björk Guðjónsdóttir, flutti ávarp og að því loknu tók Carol A. Dahir við stjórnartaumunum. Hún leiddi okkur í gegnum mjög svo skemmtilegan og lærdómsríkan dag. Lögð var áhersla á hagnýt viðfangsefni sem snerta hina ýmsu verkþætti náms- og starfsráðgjafar. Verklag eins og heildstæð náms- og starfsráðgjöf var kynnt ásamt leiðum til að árangursmæla starfsaðferðir.

4.4. Jólafundur

Jólafundurinn var haldinn föstudaginn 7. desember. Að þessu sinni vorum við í miðbænum, nánar tiltekið í Iðunni við Hallveigarstíg. Dagskráin hófst með því að sex stúlkur í 4. bekk Smáraskóla sungu þrjú lög. Að því loknu las Einar Már Guðmundsson rithöfundur upp úr nýjustu bókinni sinni *Rimlar hugans*. Dagskránni lauk með tónlistaratriði sem var í höndum systkinanna Aspar Eldjárn og Kristjáns Arnar. Ösp söng nokkur hugljúf lög við gítarundirleik Kristjáns.

4.5. Marel

Fyrsti fræðslufundur félagsins eftir áramótin var heimsókn í Marel. Fimmtudaginn 28. febrúar tók Berglind Ernstdóttir á móti hópnum í anddyri glæsilegra húsakynna fyrirtækisins. Meðan notið var góðra kaffiveitinga fékk hópurinn innsýn í uppbyggingu fyrirtækisins. Einnig komu tveir starfsmenn Marels og sögðu frá náms- og starfsferli sínum. Að lokum var húsnaðið þar sem framleiðslan fer fram skoðuð.

4.6. Fundur um endurskoðun náms í náms- og starfsráðgjöf

Miðvikudaginn 5. mars var fjölmennur fundur um endurskoðun náms í náms- og starfsráðgjöf. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Jónína Kárdal og Ingveldur Sveinbjörnsdóttir kynntu þær breytingar sem í vændum eru. Fundurinn fór fram í fjarfundarherbergi Háskólans í kjallara Odda og var sendur þaðan út til landsbyggðarinnar.

4.7. Hópefli á Hótel Hamri

Hópeflisdagur var haldinn föstudaginn 11. apríl á Hótel Hamri í Borgarfirði. Þar hittust 30 félagsmenn og áttu saman góðan dag sem lauk með kvöldverði. Hópeflisþjálfari var Anna Sigurðardóttir, Dale Carnegie þjálfari. Það var samdóma álit þátttakenda að dagurinn hafi verið einstaklega vel heppnaður og komið hafa fram óskir um að eitthvað þessu líkt verði árlegur viðburður.

4.8. Rannsóknir í náms- og starfsráðgjöf

Í maí 2008 er áætlað að hafa fræðslufund þar sem kynntar verða rannsóknir í náms- og starfsráðgjöf og hvað helst er í deiglu hér á landi á fræðasviðinu.

4.9. Aðrir fundir

Þriðjudaginn 2. október bauð Listaháskóli Íslands náms- og starfsráðgjöfum í heimsókn og kynnti starfsemi sína. Það voru Hjálmar H. Ragnarsson, rektor og Björg Birgisdóttir, forstöðumaður háskólaskrifstofu LHÍ sem tóku á móti hópnum.

4.10. Vefsíða FNS

Fræðslunefnd hefur haft umsjón með vefsíðu FNS í vetur. Á vefsíðunni er að finna fréttir ásamt öðru ítarefni. Vefsíðan er öflugur miðill sem áfram þarf að byggja upp og styrkja.

5. Siðareglur FNS

Eins og segir í inngangi siðareglna sem voru samþykktar á aðalfundi 2007 er þeim ætlað að efla fagvitund náms- og starfsráðgjafa og stuðla að fagmennsku í starfi með hagsmuni ráðþega í fyrirrúmi. Almenn ánægja hefur verið meðal félagsmanna með siðareglur FNS og það er von siðanefndar að þær verði FNS áfram vegvísir í starfi og efli fagstéttina til enn betri verka.

6. Kjara- og hagsmunamál

Fulltrúar FNS:

6.1. Félag grunnskóla

Í vetur hefur enginn fulltrúi FNS setið í samninganefnd FG og er það miður. Mikilvægt er fyrir FNS að eiga fulltrúa í samninganefnd FG þegar kemur að kjara- og hagsmunamálum.

6.2. Félag framhaldsskóla

Björg Kristjánsdóttir MH og Ragnheiður Bóasdóttir FÁ/HB hafa setið í samninganefnd FF fyrir hönd náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Að meðaltali var einn fundur haldinn á mánuði frá haustmánuðum 2007 og fram í mars 2008. Frá apríl 2008 hafa verið fundir vikulega vegna komandi kjarasamninga, en kjarasamningur FF og ríkisins er laus 30. apríl 2008. Ólíklegt má telja að nýr kjarasamningur líti dagsins ljós fyrr en í fyrsta lagi í haust.

Málefni náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum voru sérstaklega rædd á fundi með Ágústu formanni FNS, Björgu, Ragnheiði, Aðalheiði Steingrímsdóttur formanni FF og Oddi Jakobssyni starfsmanni FF þann 28. mars 2008. Almennt ræðir samninganefnd ríkisins (SNR) ekki um sérmálefni einstakra hópa innan FF.

Það er því mun meiri þörf en áður, á stuðningi frá FF og FNS þegar kemur að samningagerð náms- og starfsráðgjafa í stofnanasamningi hvers skóla fyrir sig. FF heitir þessum stuðningi og gera þarf gangskör að því að FNS hafi tiltækt fólk sem er tilbúið að ræða málefni náms- og starfsráðgjafa, undirbúa þá fyrir samningagerð og styðja til að veita starfsstéttinni meira brautargengi. Hækka þarf svokallað gólf í kjarasamningagerðinni, þ.e. styðja náms- og starfsráðgjafa til að ná hækkuðum grunnlaunum frá því sem nú er. Einnig þarf að gæta þess að vinnutími náms- og starfsráðgjafa sé innan þeirra marka sem getið er í kjarasamningi, með þeim sveigjanleika sem þarf að vera vegna ólíkra skólagæða. Starfslýsingar náms- og starfsráðgjafa þurfa að vera einkar skýrar í hverjum skóla og byggja annars vegar á reglugerð um starfslið í framhaldsskólum og hins vegar á samþykktri starfslýsingu FNS.

Björg og Ragnheiður munu vinna með FF í samninganefnd fram eftir vori en hafa báðar beðist lausnar að aðalfundi FNS 2008 loknum. Þær vilja brýna fyrir náms- og starfsráðgjöfum að kynna sér kjarasamninga vel, ræða saman og standa saman um aukna velferð og bætt launakjör.

6.3. Skólamálanefnd FF

Frá Björgu Kristjánsdóttur náms- og starfsráðgjafa MH

Á þessu skólaári hefur áhersla verið lögð á að fara yfir nýtt frumvarp til framhaldsskólalaga. FF telur ýmis atriði í frumvarpi til framhaldsskólalaga vera jákvæð og til hagsbóta fyrir nám og skólastarf í framhaldsskólum svo sem tillögur um að draga úr miðstýringu og færa meiri ábyrgð til skólanna. Ennfremur má nefna nýjar gerðir lokaprófa svo sem framhaldsskólapróf og viðbótarnám við framhaldsskóla. Það eru einnig ákvæði um nemendur með sérþarfir og þá sem hafa annað móðurmál en íslensku, um heilsuvernd, hollustuhætti og forvarnir svo eitthvað sé nefnt.

Félagið leggur og fram þá tillögu að skipulag skólastarfs miðist við kröfur og væntingar nemenda, þar sem sveigjanleiki námsskipulags verði stóraukin n, námsleiðum fjölgað og skilyrði sköpuð fyrir fleiri til að ljúka skilgreindu námi og þar með draga úr brottfalli og að stúdentspróf á bóknáms- og verknámsbrautum verði jafngild. Þetta er aðeins örlítið brot af tillögum sem settar voru fram. Allar þessa nýjungar kalla á aukna náms- og starfsráðgjöf í framhaldsskólum.

Í skólastefnu Félags framhaldsskólakennara sem lögð er fyrir ársþing KÍ í þessum mánuði er fjallað um náms- og starfsráðgjafa í starfi. Þar koma fram fjórir eftirfarandi þættir

- Náms- og starfsráðgjöfum séu tryggðar góðar starfsaðstæður til að veita nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólann.
- Starfsheiti náms- og starfsráðgjafa verði lögverndað.
- Nemendur á hvert stöðugildi í náms- og starfsráðgjöf verði ekki fleiri en 300.
- Komið verði á heildstæðri náms- og starfsráðgjafaráætlun fyrir framhaldsskóla.

Í nýju frumvarpi til laga er ákvæði um náms- og starfsráðgjöf í 37. gr og ég hvet alla að kynna sér hana.

Björg lætur nú af störfum sem fulltrúi náms- og starfsráðgjafa í skólamálanefnd FF. Ljóst er að það er FNS áfram mikilvægt að hafa fulltrúa í þeirri nefnd.

6.4. Útgarður, félag háskólamanna

Frá Guðrínu Stellu Gissurardóttur

Guðrún Stella situr í samstarfsnefnd vegna kjarasamninga hjá Vinnumálastofnun. Sérstakur stofnanasamningur er í gildi frá 2007 en sá samningur var endurskoðun á samningi sem gerður var í samfloti við BHM félagi árið 2006. Í þeim samningi voru laun ráðgjafa hjá þjónustustofnunum Vinnumálastofnunar færð nær því sem gerist í skólakerfinu. Við endurskoðun samningsins var ákveðið að láta ráðgjafa njóta þeirrar hækkunar sem heimild var fyrir og þá sem hefðu lengstu starfsreynslu. Ráðgjafi sem hefur 120 eininga nám úr háskóla (grunnám + diplomapróf í náms- og starfsráðgjöf) grunnraðast nú að lágmarki í lfl. 8 en grunnraðaðist í launaflokk 7 í stofnanasamningnum frá 2006. Þá getur starfsráðgjafi fengið allt að 4 álagsþætti vegna starfsreynslu ef hann hefur starfað í 8 ár eða lengur hjá stofnuninni (hver álagsþáttur jafngildir 2,5% hækkun á grunnlaun) en einnig er gert ráð fyrir álagsþáttum vegna aukinnar ábyrgðar í starfi, álags, frammistöðu, frumkvæðis o.þ.h. Starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa sem eru í Útgarði er þó oft ólíkt þeirra náms- og starfsráðgjafa sem starfa í skólakerfinu. Þeir vinna oft við erfiðar aðstæður sem lýsa sér m.a. í því að vinnusvæði þeirra eru stór landssvæði og þurfa þeir að ferðast mikið á milli staða á landsbyggðinni. Oft búa þessir staðir við lágt þjónustustig sem gerir það að verkum að þeir þurfa að grípa inn í ýmis verkefni sem þeir gætu vísað frá sér til annarra sérfræðinga á höfuðborgarsvæðinu. Sterk krafa er hjá náms- og starfsráðgjöfum á landsbyggðinni um að fá greidda dagpeninga en það hefur ekki náðst inn í síðustu samningum. Unnið var að starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa hjá Vinnumálastofnun fyrir stofnanasamningana og er verksvið þeirra því skýrara en áður. Lögverndunarmál hafa lítið verið í umræðu hjá félögum í Útgarði, meiri áhersla hefur verið lögð á faglegt starf enda starfsráðgjöf í þessari mynd tiltölulega ný af nálinni og mikill tími sem hefur farið í að safna saman þekkingu og útbúa efni sem unnt er að nota í ráðgjöfinni. Áherslan á ráðgjöf hefur aukist jafnt og þétt hjá þjónustumiðstöðvum Vinnumálastofnunar og tíðni samskipta ráðgjafa og ráðþega hefur aukist verulega sem skilar meiri árangri en hefur jafnframt aukið álag í för með sér. Margvísleg úrlausnarefni koma inn á borð starfsráðgjafa og mikið verk óunnið í að koma á formlegu samstafi við margar stofnanir til bjóða upp á heildræna ráðgjöf til ráðþega s.s. innan félags, heilbrigðis- og menntakerfisins. Nú eru samningarnir frá 2007 að falla úr gildi en gildistíma þeirra lýkur um leið og kjarasamninga þann 30. apríl í ár. Mikilvægt er að endurskoða samninga út frá ýmsum þáttum auk launabáttarins svo sem með tilliti til annarra starfskjara og styrkja til endur- og símenntunar o.fl.

6.5. Könnun meðal náms- og starfsráðgjafa um menntun og kjör

Stjórn FNS réðst í samstarfi við Félagsvísindastofnun HÍ í að gera könnun um menntun og kjör náms- og starfsráðgjafa í FNS. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á aðalfundi 2007. Í könnuninni var spurt um kjör félagsmanna. Meginmarkmið könnunarinnar var að kanna kjör og menntun félagsmanna. Það er hagsmunamál okkar allra að niðurstöður könnunarinnar endurspegli raunveruleg launakjör stéttarinnar. Fulltrúar kjaranefndar hafa stuðst við hana í sinni vinnu.

7. Félagatal og félagsaðild FNS

Í vetur hefur Ólafur Haraldsson haft umsjón með félagatali FNS. Skráðir félagar í FNS eru nú um 250 talsins þar af rúmlega 20 nýskráningar. Áfram er stefnt að því að uppfæra félagatalið þannig að hægt verði að kortleggja sérþekkingu og færni félagsmanna. Markmið ið með slíkri kortlagningu er að varpa enn betur ljósi á fagþekkingu félagsmanna og að auðvelda stjórn að leita til félagsmanna þegar þörf er á frekari upplýsingum varðandi málefni sem á borð berast.

8. Fjárreiður og félagsgjöld FNS

Ársreikningur FNS fyrir árið 2007 er byggður á bókhaldi félagsins.

Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

9. Styrkir til FNS

Stjórn Verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ veitti FNS styrk að upphæð kr. 150.000.- í janúar 2008 fyrir námskeiðið - *Breytingamáttur náms- og starfsráðgjafar* - sem haldið var á Degi náms- og starfsráðgjafar þann 20. október 2007. Stjórn Kennarasambands Íslands veitti FNS styrk að upphæð kr. 200.000.- vegna kjarakönnunar félagsins. Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands og Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar styrktu FNS að upphæð kr. 75.000.- vegna ráðstefnu á Degi náms- og starfsráðgjafar þann 20. október 2007. Vinnumálastofnun styrkti FNS að upphæð kr. 35.000.- vegna sömu ráðstefnu.

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara veitti FNS styrk að upphæð kr. 170.000.- fyrir námskeiðið - *Breytingamáttur náms- og starfsráðgjafar* - sem haldið var þann 20. október 2007.

Samkvæmt samningi FNS og menntamálaráðuneytisins, sem endurnýjaður er árlega, leggur ráðuneytið félaginu til fé sem jafngildir tveimur mánaðarlaunum samkvæmt eldri launaflokki B09 3. þrepi. Hefur þessi upphæð verið greidd til félagsins og það staðið skil á sínum hluta samningsins og sinnt umsögnum um námsefnisgerð.

Öllum þessum aðilum er hafa styrkt faglegt starf FNS eru færðar kærar þakkir.

10. Norrænt samstarf

Frá Önnu Sigurðardóttur og Gunnlaugu Hartmannsdóttur

Fulltrúar FNS í stjórn Norræna náms- og starfsráðgjafa NSNS eru Gunnlaug Hartmannsdóttir, náms- og starfsráðgjafi Námsflokki Reykjavíkur og Anna Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Kennaraháskóla Íslands. Hlutverk fulltrúa er að mæta á fundi hjá stjórn félagsins og upplýsa félagsmenn um það sem er á döfinni hverju sinni. Fulltrúa ber einnig að upplýsa stjórn Norrænu samtakanna um starfsemi FNS.

Aðalfundur NFSY Norræns félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í 27. - 28. apríl 2007 í Gautaborg. Fulltrúar Noregs, Svíþjóðar, Íslands, Danmerkur og Finnlands voru mættir á fundinn ásamt aukaaðilum frá Færeyjum og Álandseyjum. Fulltrúar Íslands á fundinum voru Anna Sigurðardóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir. Dagskráin var tvískipt, fyrri daginn var farið í heimsókn í ráðgjafamiðstöð í Gautaborg og starfið þar kynnt og seinni daginn var aðalfundur NFSY með hefðbundinni dagskrá aðalfundar.

Á fundinum var farið yfir skýrslur frá hverju aðildarlanda fyrir sig ásamt því að reikningar félagsins voru lagðir fram. Nokkra athygli vakti „Dagur náms- og starfsráðgjafar á Íslandi“ og mikill áhugi á því að gera slíkt hið sama á hinum Norðurlöndunum. Heilmikil endurskoðun hefur átt sér stað á námi í náms- og starfsráðgjöf og fyrirkomulagi ráðgjafar í Danmörku auk þess sem Norðmenn vinna að því að efla nám í náms- og starfsráðgjöf með sérstaka áherslu á faglegar kröfur. Í Svíþjóð er unnið að nýjum siðareglum og Færeyingar vinna að því að byggja upp fyrirkomulag ráðgjafar og hafa þar horft til hinna Norðurlandanna, sérstaklega Finnlands. Farið var yfir skýrslu um alþjóðlega ráðstefnu IAEVG sem haldin var í Kaupmannahöfn í ágúst 2006. FUE félag náms- og starfsráðgjafa í Danmörku sá um skiplagningu ráðstefnunnar fyrir hönd NFSY og bar því fjárhagslega ábyrgð á útkomu ráðstefnunnar. Fjallað var fjallað um skipulag fyrirhugaðrar ráðstefnu NFSY í Visby á Gotland í Svíþjóð í apríl 2008. Óskað var eftir einum fyrirlesara frá hverju Norðurlandanna og mun fargjald verða greitt fyrir þá auk

ráðstefnugjalds. Ráðstefnuna átti að halda í samvinnu við baltísku löndin en þau hafa óskað eftir því að gerast samstarfsaðilar við norrænu samtökin. Ekki var nægileg þátttaka á ráðstefnuna og því var ákveðið að félagið hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að hún yrði haldin. Rætt var um framboð til stjórnar IAEVG, Raimo Vuorinen býður sig fram til stjórnar og kemur þar inn sem norrænn fulltrúi í stað Peter Plant sem lætur af starfi varaformanns IAEVG. Stjórn NFSY kemur sér saman um hvaða fulltrúa eigi að kjósa og mun formaðurinn Karin Asplund sjá um að ganga frá kosningu fyrir hönd NFSY. Nokkur umræða var um heimasíðu félagsins og lögð fram áætlun um áherslur í starfinu fyrir næsta ár. Á ársfundi 2008 munu Danir taka við stjórn af Svíum og fara með stjórn næstu þrjú árin eða fram til 2011. Þegar Danir hafa leitt starfið í þrjú ár er komið að formennsku Noregs og Íslands þar á eftir þ.e. eftir sex ár. Fulltrúar Íslands hafa einu sinni áður sinnt formennsku á þessu sviði og var Guðrún Stefánsdóttir formaður.

NVL – norræn samtök um fullorðinsfræðslu komu á samstarfi um tengslanet um ráðgjöf við fullorðna. Anna Sigurðardóttir, Gunnlaug Hartmannsdóttir og Fjóla María Lárusdóttir hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins eru fulltrúar Íslands í tengslanetinu en fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum sitja þar. Haldnir voru 3 fundir árið 2007. Á fundunum var fyrst og fremst rætt um þarfir fullorðinna hvað varðar náms- og starfsráðgjöf og hvað náms- og starfsráðgjafi þarf að vita og kunna til að vera sem best hæfur í þessu starfi. Ákveðið var að kanna hvað ráðgjöf fyrir fullorðna á atvinnumarkaði er mikill hluti af námi í náms- og starfsráðgjöf og núna stendur yfir athugun á hvaða kröfur á að gera til starfandi náms- og starfsráðgjafa í atvinnulífinu.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu sóttu báðir fulltrúar aðalfund frá Íslandi, NFSY greiddi að venju fyrir einn fulltrúa sem að þessu sinni var Gunnlaug Hartmannsdóttir. Anna Sigurðardóttir var í Svíþjóð á sama tíma vegna kynningar á Evrópuverkefni sem hún er þátttakandi í og átti því kost á að sækja fundinn ásamt Gunnlaugu. FNS greiddi þann viðbótarkostnað sem kom til vegna þess þ.e. hótelskostnað og lestarferð.

Undirritaðar láta nú af starfi sínu sem norrænir fulltrúar FNS í stjórn NFSY. Viljum við því nota tækifærið og þakka fyrir okkur, þetta hefur verið mjög lærdómsríkt og gefandi starf og von okkar að félagsmenn hafi notið góðs af.

11. Nefnd um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum

Menntamálaráðherra skipaði nefnd í tengslum við þingsályktun um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Nefndinni er ætlað að kanna gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum sem úrræði gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval. Jafnframt á nefndin að kanna sérstaklega ástæður þess að svo stór hluti nemenda velur bóknám að loknum grunnskóla, hver séu áhrif foreldra og kennara á náms- eða starfsval og hvaða hugmyndir grunnskólanemendur hafi um framhaldsnám og störf að námi loknu. Að lokum er nefndinni falið að gera samanburð á náms- og starfsráðgjöf í helstu nágrannalöndum, svo og árangri ráðgjafar og annarra úrræða gegn brottfalli.

Nefndina skipa: dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, formaður nefndar, Ágústa E. Ingbórsdóttir og Sigríður Bílddal.

Til hliðar við nefndina voru tveir náms- og starfsráðgjafar fengnir að rannsóknarvinnu, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Mími símenntun og Inga Jóna Þórsdóttir, Iðnskólanum í Hafnarfirði.

Stefnt er að því að nefndin skili af sér skýrslu í lok maí.

12. Umsagnir um námsefni

Líkt og undanfarin ár fór menntamálaráðuneytið þess á leit við FNS að gera umsögn um námsefni. Að þessu sinni var ein umsókn til umsagnar: *Náms- og starfsfræðsla/jafnréttisfræðsla fyrir 1. - 10. bekk grunnskóla*. Ágústa E. Ingbórsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir tóku þetta að sér fyrir hönd FNS.

13. Beiðnir Alþingis um umsagnir um frumvörp til laga

Á þessu starfsári hefur Alþingi beiðið FNS að senda umsagnir um fjögur frumvörp til laga. Stjórn FNS hefur sent frá sér umsagnir til menntamálanefndar Alþingis um eftirtalin frumvörp:

- Grunnskólar, 285. mál, (heildarlög)
- Framhaldsskólar, 286. mál, (heildarlög)
- Leikskólar, 287. mál, (heildarlög)
- Menntun og ráðning kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288. mál, (kröfur til kennaramenntunar o.fl.).

Allar umsagnir um málin birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni *Innsend erindi* á síðu viðkomandi þingmáls þegar nefndin hefur lokið umfjöllun um málið.

14. FNS - norðan heiða

Í október hélt Valdís Eyja Pálsdóttir, sálfræðingur og ráðgjafi á Reyni ráðgjafastofu námskeið þar sem hún fór yfir hvernig nota megi hugræna atferlismeðferð í tengslum við kvíða. Þátttaka var góð og ánægja með hvernig til tókst.

Jólafundur var haldinn í byrjun desember á kaffihúsinu Bláu könnunni á Akureyri.

Í byrjun maí er fyrirhugað að náms- og starfsráðgjafar sækji Fjölsmiðjuna á Akureyri heim en hún er á sínu fyrsta starfsári og er rekin með svipuðum hætti og Fjölsmiðjan í Kópavogi.

15. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar

Gott samstarf hefur verið á milli FNS og verkefnisstjóra Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafa, Dóru Stefánsdóttur. Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar er upplýsingamiðlun og samstarfsvettvangur sem Evrópusambandið styrkir með það fyrir augum að miðla evrópskri vídd og undirstrika mikilvægi náms- og starfsráðgjafar, starfsþjálfunar og símenntunar í upplýsingasamfélagi nútímans. Evrópumíðstöðin hefur stutt ötullega við bak FNS og nokkur samvinnuverkefni voru unnin þennan veturinn. Helst ber að nefna:

15.1. Academia verkefni

Á vefsíðu Evrópumíðstöðvarinnar, www.euroguidance.is, segir svo: „Markmiðið er að auðvelda náms- og starfsráðgjöfum að fara í styttri námsferðir til annarra Evrópulanda til að fræðast þar um skipulagningu menntakerfis í viðkomandi landi eða fyrirkomulagi á vinnumarkaði. Heimsóknirnar eru skipulagðar þannig að hvert þátttökuland skipuleggur námskeið sem að öllu jöfnu stendur yfir í viku til tíu daga. Þar er gefið yfirlit yfir samfélag og opinber kerfi viðkomandi lands og farið í heimsóknir til stofnana og fyrirtækja þar sem ráðgjafar starfa. Einnig eru oft tekin fyrir ákveðin þemu sem eru mikilvæg í faglegri umræðu um ráðgjöf.”

FNS tók þátt í þessu verkefni með Evrópumíðstöðinni með því að taka að sér umsjón með hluta af dagskránni. Starfsemi FNS og starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa á Íslandi var kynnt á þemadegi þar sem fjallað var um brottfall. FNS bauð þátt-

takendum til léttrar íslenskrar máltíðar í sumarþustað Gígju Árnadóttur í nágrenni Eldborgar á Mýrum. FNS þakkar Dóru fyrir ánægjulegt samstarf. Einnig er komið á framfæri þakklæti til Valborgar Baldvinsdóttur og Gígju Árnadóttur fyrir þeirra þátt í þessu verkefni.

15.2. Heimsóknir evrópskra náms- og starfsráðgjafa

Geta má þess að formaður FNS tók á móti tveimur hópum náms- og starfsráðgjafa frá Evrópu. Einkar ánægjulegt var að fræðast um hvernig staðið er að greininni í viðkomandi löndum og fá tækifæri til að fræða aðra um það gróskumikla starf sem unnið er hér á landi.

16. Önnur verkefni

FNS hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum, málþingum og fundum sem hafa stuðlað að frekari kynningu á náms- og starfsráðgjöf og FNS. Það er FNS nauðsynlegt að taka þátt og sýna frumkvæði í að kynna starf og framlag náms- og starfsráðgjafar. Í þessari útrás getur hver og einn félagsmaður tekið þátt.

16.1. Fundur um málefni náms- og starfsráðgjafar í menntamálaráðuneytinu

Formaður FNS og dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir áttu fund með menntamálaráðherra og fulltrúa frá ráðuneytinu til að vekja athygli á málefnum náms- og starfsráðgjafa. Bent var m.a. á mikilvægi heildarstefnumótunar í náms- og starfsráðgjöf, lögverndunar starfsheitis náms- og starfsráðgjafa og þess að upplýsingabanki um nám og störf verði stofnsettur. Allir þessir liðir miða að því að tryggja gæði náms- og starfsráðgjafar og jafna aðgengi landsmanna, sérstaklega ófaglærðra, að þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

16.2. Fundur með náms- og starfsráðgjöfum framhaldsskóla

Þann 18. janúar var haldinn fundur í menntamálaráðuneytinu með náms- og starfsráðgjöfum framhaldsskóla. Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri og Arnór Guðmundsson skrifstofustjóri menntamála höfðu umsjón með fundinum þar sem rætt var um hugmyndir náms- og starfsráðgjafa að forvarnarstarfi í framhaldsskólum.

16.3. Fundur samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara, formanna fagfélaga, skólamálanefndar FF og fulltrúa Félags stjórnenda í framhaldsskólum

Formanni FNS var boðið til málþings um stöðu og áherslur í endurmenntun framhaldsskólakennara. Eitt af meginmarkmiðum málþingsins var að leita hugmynda um æskilega framtíðarþróun.

16.4. Námskeið í efni bókarinnar *Verndum þau*

Þann 14. apríl 2007 bauð menntamálaráðuneytið tveimur fulltrúum FNS á námskeið í efni bókarinnar *Verndum þau*. Bókin fjallar um ofbeldi gegn börnum og unglingum, vanrækslu o.fl. Að útgáfu bókarinnar stóðu menntamálaráðuneyti og Æskulýðsráð í samstarfi við Eddu útgáfu.

16.5. Umsókn um Leonardo verkefni

Geta má þess að FNS sótti um verkefni sem styrkt er af Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Um er að ræða mannaskiptaverkefni sem eflir hreyfanleika og styrkir fólk til að afla sér reynslu og þekkingar innan síns fagsviðs í öðrum Evrópulöndum.

Einnig er í vinnslu umsókn um yfirfærsluverkefni sem lýtur að evrópskum gagnabanka um náms- og starfsráðgjöf.

16.6. Viðtal við náms- og starfsráðgjafa í þættinum Samfélagið í nærmynd

Tekið var áhugavert viðtal við Maríu Dóru Björnsdóttur, Ingveldi Sveinbjörns dóttur og Björgu Kristjánsdóttur í þættinum Samfélagið í nærmynd, fimmtudaginn 14. febrúar.

Sjá meðfylgjandi slóð: <http://dagskra.ruv.is>

16.7. Viðtal við dr. Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur og Jónínu Kárdal

Miðvikudaginn 23. janúar var tekið útvarpsviðtal við dr. Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur og Jónínu Kárdal í þættinum Dr. RÚV á Rás 1.

16.8. Viðtal við Ásdísi Birgisdóttur, náms - og starfsráðgjafa í Landpóstinum

Tekið var viðtal við Ásdísi Birgisdóttur náms- og starfsráðgjafa við Verkmenntaskólann á Akureyri sem birtist í Landpóstinum þriðjudaginn 29. janúar 2008. Þar kom m.a. fram að þeir sem starfa að forvarnar- og ráðgjafarmálum í VMA telja að Akureyrarbær þurfi að koma til móts við ákveðinn hóp ungmenna sem ekki hafi greiðan aðgang að klínískri fagþjónustu.

Viðtalið í heild má lesa á slóðinni: <http://www.landpostur.is>

16.9. Jafnréttis- og kynjasjónarmið í náms- og starfsráðgjöf: Grein birt í Morgunblaðinu 3. júní, 2007 eftir Ágústu E. Ingbórsdóttur og Ragnheiði Bóas dóttur

Í greininni var m.a. fjallað um könnun Capacent Gallup fyrir Jafnréttisráð, hver væru viðhorf íslenskra ungmenna (18-23 ára) til starfa og launa. Erlendar rannsóknir benda til að hægt sé að hafa áhrif á viðhorf nemenda til kynbundinna starfa þannig að þeir skoði störfín í öðru ljósi. Ein af þeim leiðum sem við hljótum að leggja áherslu á í þeirri viðleitni er stóraukin náms- og starfsráðgjöf þar sem kynjavinkillinn er hafður að leiðarljósi. Við þurfum að stefna markvisst að því að konur sækir fram í karlaatvinnugreinum og karlar hasli sér völl í hefðbundnum kvennaatvinnugreinum. Þetta er þýðingarmikið skref í þá átt að eyða þeim mun sem er á launum karla og kvenna. Náms- og starfsráðgjöf og öflug náms- og starfsfræðsla í skólum er augljós leið til að sporna við kynjaskiptingu í námi og störfum.

16.10. Greinar í Morgunblaðinu í tengslum við Dag náms- og starfsráðgjafar 20. október 2007.

Þrjár greinar birtust í Morgunblaðinu í tengslum við Dag náms- og starfsráðgjafar eftir Ágústu E. Ingbórsdóttur, Sigríði Bílddal og S. Huldu Steingrímisdóttur. Ágústa fjallaði um dagskrá á Degi náms- og starfsráðgjafar, Sigríður fjallaði um sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir nemendur Holtaskóla í Reykjanesbæ og grein Huldu

fjallaði um verkefnið Atvinna með stuðningi (AMS) sem felst í að aðstoða fólk með skerta vinnugetu við að fá vinnu á almennum vinnumarkaði.

Lokaorð

Starfsemi FNS hefur verið fjölbreytt þetta árið eins og ársskýrslan ber með sér. Framtíðarsýn félagsins byggir á hinu eiginlega sjálfstæði þess, getu til að standa á eigin fótum sem fagleg heild sem þekkir takmarkanir sínar, hefur skýra sýn til framtíðar og veit hvert það stefnir. Hér byggist allt á því að tryggja ákveðin gæði þjónustu, sinna hagsmunum ráðþega og að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inn í menntakerfið, út á vinnumarkaðinn og til almennings. Að sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa geti verið viss um að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskylda menntun og fagþekkingu. Hér er fyrst og fremst verið að hugsa um heill nemenda og annarra er njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa jafnframt því að tryggja fagleg vinnubrögð fagstéttarinnar. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa er ein af grunnforsendum þess að þetta gangi eftir.

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum og þeim sem starfað hafa í nefndum og fagráðum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins sem og hinum almenna félagsmanni. Stór verkefni eru fram undan við að vinna að bættum kjörum félagsmanna og áfram þarf að vinna að því að fá lögverndun á starfsheiti okkar. Fjölga þarf náms- og starfsráðgjöfum þannig að einn ráðgjafi verði fyrir 300 nemendur á öllum skólastigum. Félagið hefur alla burði til að vera tæki til að skapa bæði félagsmönnum og þeim sem til þeirra leita farsæla framtíð.

Reykjavík, 30. apríl 2008

Ágústa E. Ingbórsdóttir
formaður Félags náms- og starfsráðgjafa